

# HÆFISREGLUR

## Stjórnar HRFÍ

### 1. Tilgangur, gildissvið og forsendur.

Reglur þessar taka til stjórnar HRFÍ, starfsmanna skrifstofu, starfa fastanefnda og deilda félagsins sem og starfa annarra trúnaðarmanna félagsins.

Reglur þessar gilda þegar stjórn eða aðrir þeir sem reglurnar taka til, taka ákvörðun um málefni félagsins eða rétt eða skyldur einstakra stofnana eða félagsmanna HRFÍ.

### 2. Sérstakt hæfi.

Stjórnarmaður eða hver sá sem sem reglurnar taka til er vanhæfur til meðferðar máls:

- Ef hann er aðili að málefni, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
- Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
- Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
- Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur viðkomandi í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

### 3. Áhrif vanhæfis.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Sá sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fund áður en málið er tekið fyrir. Hann skal ekki hafa aðgang að gögnum málsins. Sé fundargerð haldin, skal bóka sérstaklega um þessi atriði.

### 4. Málsmeðferð.

Sá sem er vanhæfur skal vekja athygli annarra sem sitja með honum í stjórn, nefnd eða deild á vanhæfi sínu. Sé um vanhæfi starfsmanns á skrifstofu að ræða, skal hann vekja athygli framkvæmdastjóra á vanhæfi sínu en framkvæmdastjóri skal kynna formanni stjórnar HRFÍ um eigið vanhæfi.

Víki aðili ekki sjálfur sæti, skal viðkomandi stjórn, nefnd, eða stjórn HRFÍ, ákveða hvort viðkomandi beri að víkja sæti. Sá sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skal ekki taka þátt í ákvörðun um það.

### 5. Setning staðgengils.

Þegar aðili vÍkur sæti sökum vanhæfis og ekki er til staðar ákvöðunarbær stjórn, nefnd eða einstaklingur til að taka ákvörðun um málið, skal stjórn HRFÍ setja staðgengil til að fara með málið sem til meðferðar er.